



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 1. október 2012

### **Tilkynning um endurútgengið starfsleyfi Jökla-Verðbréfa hf.**

Jöklar-Verðbréf hf., kt. 650995-2879, hafa afsalað sér heimild félagsins til að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, sbr. c. lið 1. tölul. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl.). Fjármálaeftirlitið hefur fallist á framangreint afsal og gefið út að nýju starfsleyfi félagsins.

Starfsemi Jökla-Verðbréfa hf. tekur til móttöku og miðlunar fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, samkvæmt a. til d. lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. fttl. og a., b., d. og e. lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. fttl. Þá hefur félagið heimild til vörslu og stjórnunar í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga, sbr. a. lið 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. fttl.